

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 58/2022

2022/EES/45/13

frá 18. mars 2022

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 frá 19. apríl 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 52. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/2144):

„, breytt með:

- **32021 R 1243:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 frá 19. apríl 2021 (Stjttíð. ESB L 272, 30.7.2021, bls. 11).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 52b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/646):

„52c. **32021 R 1243:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 frá 19. apríl 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjttíð. ESB L 272, 30.7.2021, bls. 11).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1243, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 55/2022 frá 18. mars 2022 (²), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(¹) Stjttíð. ESB L 272, 30.7.2021, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Stjttíð. ESB L 182, 7.7.2022, bls. 34, og EES-viðbætur nr. 45, 7.7.2022, bls. 15.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.